



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Heiðarborg

2019 – 2020



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra mat.....	7
2.1 Laut.....	7
2.2 Bali.....	8
2.3 Brekka.....	9
2.4 Lundur .....	10
3 Ytra mat.....	11
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	13
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	15
6 Foreldrasamvinna.....	15
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	17
8 Fylgigögn.....	18
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	18
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	20
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....	22



## Leiðarljós leikskólans:

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Þá er enn eitt stórskemmtilegt starfsár að baki. Það er ótrúlegt hversu miklu er hægt að áorka á einum vetri enda erum við umkringd sveigjanlegu og jákvæðu starfsfólki, börnum og foreldrum. Verkefni vetrarins voru að venju skemmtileg, fastir liðir allir á sínum stað ásamt áhugaverðum nýjungum. Nokkur ný samvinnuverkefni með heimilum barnanna fóru í gang í vetur. Þannig voru bókaormar unnir á öllum deildum, en allar bækur sem lesnar voru fyrir börnin voru skrifaðar á miða

og hengdar upp á vegg svo úr urðu fjórir

gríðarlega langir bókaormar. Að auki vorum við

með samvinnu verkefnið „Orðaskjóðan – Leitir

að skrítnum orðum“. Börnin (með aðstoð

foreldra og starfsfólks) leituðu að skrítnum

orðum í kringum sig, mörg finnast t.d. í bókum.

Skrítin orð voru skrifuð niður og sett í orðaskjóðu

sem hékk á hurð deildarinnar. Úr þessu

sköpuðust merkilegar samræður og vangaveltur

til dæmis um það af hverju Léttmjólk heiti

Léttmjólk? Er hún léttari en hin mjólkín? Er Nýmjólkín kannski nýrri en Léttmjólkín? Áhugasamt starfsfólkið náði að grípa áhuga barnanna og vinna með málefni líðandi stundar í barnahópnum.

Þannig má nefna vinnu með sólkerfið á tveimur elstu deildunum, vinnu með víkinga og rúnir, mannlíkamann, smjörgerð og jafnréttisfræðslu.

Áhugasamir foreldrar auðga líka starfið og starfsfólkið var einstaklega þakklát góðu boði frá foreldri sem bauð upp á boltanuð á starfsdegi í vetur.



Smjörgerð



Samvinnuverkefni með heimilum

Mikil áhersla var lögð á að festa agastefnuna okkar í sessi og henni til stuðnings fór leikskólastjóri ásamt sérkennslustóra á PMTO námskeið. Fræðsla var um aga á starfsdögum í vetur. Starfsfólk fór líka á námskeið með Vöndu Sig. varðandi einelti og er að nýta sér það markvisst. Við brydduðum upp á ýmsu til að vekja okkur

til umhugsunar og setja okkur í spor barnanna. Sem dæmi má nefna að við nýttum hlutverkaleiki bæði á starfsmannafundum og á foreldrafundi, á starfsdegi prófuðu líka allir kennarar að vera barn í samverustund þar sem talað var tungumál sem við skildum ekki.



Menntastefna Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast* var kynnt í vetur og höfum við þegar hafið vinnuna við innleiðingu hennar. Við höfum ákveðið að leggja áherslu á heilbrigði svona til að byrja með og sem liður að því erum við búin að sækja um að vera þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi leikskóli. Ástæður þess að við völdum heilbrigði eru margþættar. Við höfum auðvitað til margra ára lagt mikla áherslu á heilbrigða lífshætti eins og hollt mataræði, mikla og krefjandi hreyfingu og útiveru. Nú viljum við huga meira að geðrækt, eða félagslegri og andlegri vellíðan. Sá hluti heilbrigðis tengist einnig öðrum þáttum Menntastefnunnar eins og sköpun, sjálfseflingu og félagsfærni, því fannst okkur þetta tilvalin byrjunarpunktur á innleiðingu Menntastefnunnar.



*Mannslíkamin*

Við unnum áfram að þróun innra mats leikskólans. Matsáætlanir og matstæki voru einfölduð og endurbætt. Úrvinnsla gagna var einnig endurbætt með hliðsjón að nýrri uppsetningu starfsáætlunar.

Niðurstöður innra matsins bentu til þess að mjög margt sé gott í starfinu, sem dæmi má nefna eru nýliðar mjög ánægðir með þær móttökur og þá þjálfun sem þeir fá þegar þeir byrja í starfi, starfmenn eru ánægðir með starfsandann og samstarf í leikskólanum, dagsskipulagið gengur nokkuð smurt og fólk ánægt með uppeldis- og menntastarfið almennt. Innra matið leiddi að sjálfstöðu í ljós nokkur tækifæri til umbóta. Mörgu var hægt að kippa strax í liðinn en eitt þykir

okkur leitt og erfitt að eiga við og það er þátttaka barnanna í gerð matseðilsins. Frá fyrsta apríl hefur okkur vantar matrád og þ.a.l. fengið aðkeyptan mat. Maturinn er góður en börnin hafa ekki tækifæri til að taka þátt í matseðilsgerð eins og þau hafa gert fram að þessu.

Vegna niðurstaðna úr innra mati, og í anda áherslna SFS á mikilvægi þess að bæta vinnuaðstöðu í leikskólum, var töluverð vinna lögð í að bæta aðstöðu og umhverfi innandyrna í vetur. Þakgluggi í sal er kominn með gardínu svo hægt er að stýra birtu- og hitastigi, skiptiaðstaða bætt á yngri deildum, hlið, sem skilur á milli starfsaðstöðu starfsmanna og fataherbergi barna, endurnýjað og skúffuskápar endurnýjaðir á öllum deildum. Nuddtæki og -boltum bætt við á kaffistofu og Listasmiðjan færð aftur inn á Læk en hún hafði verið inni á deildum undanfarin ár. Tekið var til hendinni og óþarfa hlutum hent eða þeir gefnir. Enn er mikilla úrbóta þörf inni á Læk, sem nú heitir Listasgil, en aðstaðan þar er komin til ára sinna og ófullnægjandi fyrir faglegt starf með börnum. Áfram verður því unnið að endurbótum á vinnuaðstöðu og umhverfi leikskólans eins og kemur fram í umbótaáætlun hér að neðan.



## Umbótaáætlun Skólaársins 2019 - 2020

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Heimasíða leikskólans	Bæta upplýsingaflæði til foreldra	Bjóða starfsfólki upp á námskeið í heimasíðu viðhaldi. Virkja vinnuferla sem tryggir lifandi heimasíðu.	Leikskólastjóri	Umræður á stjórnendafundi janúar 2020	Allar nauðsynlegar upplýsingar séu til staðar á heimasíðu leikskólans og nýjar myndir/fréttir fari inn vikulega.
Jafnréttismenntun	Að auðga efnivið fyrir fjölmenningu/jafnréttis nám	Endurnýja og fjölga leikföngum sem endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins	Leikskólastjóri	Umræður á stjórnendafundi í október 2019	Deildarstjórar telji fjölbreytileika mannlífsins vel endurspeglan í leikefni leikskólans.
Heilsueflandi leikskóli	Efla heilbrigði og vellíðan	<ul style="list-style-type: none"> <li>Sækja um aðild að Heilsueflandi leikskólar</li> <li>Einblína á geðrækt til að byrja með. Efla vinnu með félagsfærni og almenna vellíðan barna/starfsfólks</li> <li>Bæta aðstöðu á Læk. Skapa vel skipulagt umhverfi sem ýtir undir afslappað andrúmsloft og eykur sköpunargleði</li> </ul>	Leikskólastjóri	Umræður á stjórnendafundi í maí 2020	85% af viðmiðum 1 og 2 fyrir geðrækt (í gátlista Heilsueflandi leikskóla) sé komið til framkvæmda
Flæði	Að nýta styrkleika hvers og eins.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Bæta vísindum inn í flæði sem sjálfstæðri stöð.</li> </ul>	Stjórnendur	Endurmatslisti haustannar í janúar 2020	Að börnin njóti sín í flæðinu.



## Matsáætlun skólaársins 2019 – 2020

Mat á starfi leikskólans er ætlað að stuðla að umbótum og auknum gæðum. Matið tekur mið af markmiðum og gildum úr aðalnámsskrá leikskóla 2011.

Mats-þáttur	Markmið	Matstæki	Viðmið	Þátttakendur	Hvenær
Stjórnun	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að greina tækifæri til umbóta</li> <li>Að bæta stjórnunarhætti</li> <li>Að tryggja faglegt samstarf</li> <li>Að samræma vinnubrögð</li> </ul>	Endurmatslisti (sjálfbærni og vísindi)	Að starfshættir séu í sífellndri endurskoðuð og tækifæri til umbóta nýtt.	Starfsfólk Stjórnendateymi	Haust/vor
		Viðhorfskönnun starfsfólks	Að 85% starfsfólks sé ánægt með stjórnun leikskólans	Starfsfólk	Vor
Uppeldis- og menntastarf	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að tryggja að unnið sé markvisst með allar greindir</li> <li>Að tryggja starf sem eflir gagnrýna hugsun og þroska barnanna</li> <li>Tryggja að vinnubrögð einkennist af jafnrétti fyrir alla hópa</li> <li>Tryggja að unnið sé eftir aðalnámsskrá</li> <li>Tryggja að lagður sé grunnur að menntun til sjálfbærni</li> </ul>	Endurmatslisti	Að unnið sé með allar greindir Að farið sé eftir starfsáætlun	Starfsfólk Stjórnendateymi	Haust og vor
		Viðhorfskönnun barna	Að börnin finni að þau geta haft áhrif á eigið nám og starf	Elstu börn leikskólans	Mars
		Gátlisti Landverndar Gátlisti f. Græn skref	Að við uppfylfum kröfur Grænfánans og fáum hann að nýju	Starfsfólk Börn Stjórnendur	Vor
		Gátlisti deildarfunda (umhverfismennt)	Að 80% svörun sé jákvæð	Starfsfólk	Apríl
		Gátlisti 2: Vinnuaðstaða- vinnulag og aðgengi	Að 80% svörun sé jákvæð.	Starfsfólk	Maí
		Hljóm-2 EFI-2	Samkvæmt viðmiðum Hljóm-2 og EFI-2	Deildarstjórar Sérkennarar	Október og mars
Leikskóla-bragur	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að auka vellíðan barnanna</li> <li>Að auka ánægju foreldra</li> <li>Að virkt samstarf sé á milli foreldra og skóla</li> </ul>	Viðhorfskönnun foreldra	85% foreldra hafi jákvæða upplifun af viðmóti og menningu skólans	Foreldrar	Vor
		Deildarfundir	85% starfsfólks hafi jákvæða upplifun af viðmóti og menningu skólans	Starfsfólk	Nóvember



## 2 Innra mat

Heiðarborg er einn leikskóli og því er matið unnið sem slíkt. Hver deild svarar matsblöðum fyrir sig og síðan eru niðurstöður teknar saman.



### 2.1 Laut

**Samskipti:** Við vorum dugleg að nýta okkur verkfæri Vöndu Sigurgeirsdóttur, höfðum í huga öll börn í áhættu og fyrirbyggjandi aðgerðir. Við viljum tryggja öllum börnum athygli á hverjum degi og ætlum að prófa að hver starfsmaður hafi lista yfir börnin á deildinni og merki við hvaða börnum hann gaf athygli í dag.

**Málörvun** er sinnt í öllum daglegum aðstæðum en nokkur sérverkefni voru einnig í gangi í vetur. Orðaskjóðan var t.d. mjög skemmtilegt og gagnlegt verkefni fyrir málörvun allra barna og hana má nota í heimspekilegum umræður. Orðaskjóðuna viljum við nota áfram á deildinni. Sum börn, eins og t.d. þau tvítyngdu, eru í mikilli þörf fyrir enn markvissari málörvun, því viljum við nýta okkur verkefnið *Gefðu 10* á markvissari hátt þar sem allir starfsmenn, í samheldnu átaki, vinna með sama barnið í einhvern tíma.

**Félagsfærniþjálfun:** Við ræðum mikið við börnin, aðstoðum þau við að leysa ágreining, setja sig í spor annarra og taka lýðræðislegar ákvarðanir. Stig af stigi mætti vera meira og gott væri að starfsmenn deildarinnar fengju meiri kynningu á efninu.

Setja Stig af stigi fast inn í dagskrá samverustunda eftir hádegi - 1x í viku.

**Heimamening:** Fljúgandi teppi gekk mjög vel og vorum við dugleg að ræða um ýmsa menningaheima, ólík tungumál o.fl. Næsta vetur langar okkur að gera meira af því að fá börnin til að segja frá heimameningu sinni og/eða því sem á daga þeirra hefur drifið. Börnin komi þá jafnvel með hluti að heiman til að sýna og segja frá.



Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Samskipti fullorðinna og barna	Að öll börn fái athygli fullorðinna á hverjum degi	Hver starfsmaður hafi lista yfir börnin á deildinni og starfsfólk temji sér að merkja við á degi hverjum hvaða börn það hefur talað við þann daginn.	Allir starfsmenn deildarinnar	Á deildarfundi í desember 2019	Að allir starfsmenn skrái á listann
Málörvun	Að gera málörvun þeirra barna, sem virkilega þurfa þess með, enn markvissari	Starfsmenn vinni saman að því að nota <i>Gefðu 10</i> . Einbeiti sér að einu barni í einu og skrái hjá sér daglega hvort hann hefur notað <i>Gefðu 10</i> .	Allir starfsmenn deildarinnar	Á deildarfundi í október 2019	Að í 85% tilfella hafi starfsmaðurinn notað <i>Gefðu 10</i> , daglega
Félagsfærniþjálfun	Að festa vinnu með <i>Stig af stigi</i> betur í sessi í dagskipulaginu	Að festa Stig af stigi í eldri samveru eftir hádegi, einn dag í viku.	Deildarstjóri	Á deildarfundi í janúar 2020	Að Stig af stigi sé notað markvisst 1x í viku í eldri samveru
Heimamenning	Að efla sjálfsmynd og sjálfstraust allra barna	Gera meira í því að börnin komi með hluti/myndir að heiman sýni og segi frá	Allir starfsmenn deildarinnar	Á deildarfundi í febrúar 2020	Að starfsfólk telji að börnin séu öruggari í framkomu



## 2.2 Bali

**Uppeldis- og menntastarf:** Persónubrúðurnar komu einu sinni í mánuði í heimsókn til að fjalla um mál tengd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Tveir elstu árgangarnir tóku þátt í Stig af stigi þar sem þeim er kennt að leysa úr vanda.

Námsefnið „Lubbi finnur málbein“ datt, því miður, svolítið niður hjá okkur í vetur.

**Málörvun:** Við vorum meðvituð um mikilvægi þess að tala við þau börn sem þurfa málörvun á hverjum degi en hefðum viljað tileinka okkur betur verkefnið *Gefðu 10*. Við viljum vinna það markvisst sem hluta af málörvun, hvort heldur sem er með tvítyngdu börnunum eða þeim sem þurfa á sérstakri málörvun að halda.





**Samskipti:** Fyrirlestur Vöndu Sigurgeirsdóttur nýttist vel í starfinu og það var hjálplegt að fara saman yfir barnahópin og greina félagslega stöðu barnanna. Við hefðum mátt vera markvissari í að ræða við hvert einasta barn á degi hverjum en vorum öll mjög meðvituð um mikilvægi þess. Við munum halda áfram að nýta okkur verkfæri Vöndu næsta vetur og fylla út listann einu sinni hvora önn.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Uppeldis- og menntastarf	Nota námsefnið Lubbi finnur málbein á markvissari hátt	Setja plan fyrir Lubbastundir	Deildarstjóri	Á deildarfundum í janúar 2020	Að Lubbastunda áætlun takist í 85% tilfella
Málörvun	Að gera málörvun þeirra barna sem virkilega þurfa þess með enn markvissari	Starfsmenn vinni saman að því að nota <i>Gefðu 1.</i> , Einbeita sér að einu barni í einu og skrái niður daglega hvort þeir hafa notað <i>Gefðu 10</i>	Allir starfsmenn deildarinnar	Á deildarfundum í nóvember 2019	Að í 85% tilfella hafi starfsmaðurinn notað <i>Gefðu 10</i> daglega
Samskipti	Að efla félagsþroska allra barnanna og tryggja að öllum börnum líði vel	Taka Vöndu listann 1x á haustönn og 1x á vorönn	Deildarstjóri	Á deildarfundum í febrúar 2020	Að 85% barna færast úr áhættuhópi í hóp öruggra barna í góðum samskiptum



## 2.3 Brekka

**Velferð og líðan barna:** Barnahópurinn var mjög góður í vetur og andrúmsloftið á deildinni gott og afslappað. Það gekk misvel að vinna eftir agastefnunni, tileinka okkur skýr fyrirmæli o.þ.h. Við munum markvissat lesa agastefnuna á deildarfundum næsta vetur til að minna okkur á.

**Námssvið leikskólans:** Listagilið var endurvakið í vetur og erum við mjög ánægð með það.

Boðið var upp á vísindi fyrir börnin í vetur og voru það mjög vel heppnaðar stundir. Þær stundir hafa þó ekki verið nægilega margar og stefnum við að markvissara vísindastarfi á deildinni næsta skólaár.

**Vinnuaðstaða:** Mikið hefur verið gert til að bæta vinnuaðstöðuna. Rakatæki breytti miklu og ánægja er með upphækkanlegt skiptiborð með tröppum svo starfsmenn þurfa ekki lengur að lyfta börnunum.



Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Velferð og líðan barna	Að allir starfsmenn vinni eftir agastefnunni	Fara reglulega yfir agastefnuna, t.d. 1x í mánuði á deildarfundum (skrifa í dagbók)	Allir starfsmenn deildarinnar	Á deildarfundi í janúar 2020	Að starfsmenn hafi tamið sér að nota agastefnuna markvisst
Námssvið leikskólans	Að efla vinnu með vísindi	Vera með vísindi 1x í viku	Allir starfsmenn deildarinnar	Á deildarfundi í nóvember 2019	Að vísindi séu í 85% tilfella 1x í viku



## 2.4 Lundur

**Velferð og líðan barna:** Deildarstarfið hefur gengið nokkuð vel fyrir sig í vetur, jafnvægi var í dagsskipulaginu en einhverjar starfsmannabreytingar sem sum börnin á deildinni eiga erfitt með. Mikilvægt er að allt starfsfólk deildarinnar samræmi vinnubrögð strax að hausti og fari yfir agastefnuna á deildarfundi.

**Samskipti:** Fyrirlestur Vöndu Sigurgeirs nýttist vel í að greina samskipti í barnhópnum. Við höfum verið meðvitaðar um að tala við hvert einasta barn daglega og nú í vor er ekki eitt einasta barn sem við myndum flokka sem „týnt“ eftir hugmyndafræði Vöndu. Við munum halda áfram að greina samskipti barnahópsins eftir verkfærum Vöndu næsta haust, ekki of snemma þó, heldur eftir að þau hafa fengið að kynna vel innbyrðis.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Velferð og líðan barna	Allir starfsmenn vinni eftir agastefnunni og samræmi vinnubrögð	Ræða agastefnuna og samræma vinnubrögð á deildarfundi strax í september.	Allir starfsmenn deildarinnar	Umræður á deildarfundi í janúar 2020	Að starfsmenn hafi tileinkað sér agastefnuna og noti hana markvisst
Samskipti	Að efla félagsproska allra barna og tryggja að öllum börnum líði vel	Fylla út Vöndu listann og greina samskipti í barnahópnum á deildarfundi í okt/nóv	Allir starfsmenn deildarinnar	Fara yfir Vöndu listann á deildarfundi í febrúar 2020	Að 85% barna færist úr áhættuhópi í hóp öruggra barna í góðum samskiptum



### 3 Ytra mat

Á síðasta starfsári sendi Skóla og frístundasvið út bæði Starfsmannakönnun og foreldrakönnun.

#### Starfsmannakönnun

Helstu styrkleikar sem koma fram í starfsmannakönnun er góður starfsandi, starfsfólk þekkir markmið og stefnu leikskólans og ákvarðanir eru byggðar á faglegum forsendum. Ánægja er með samskipti við yfirmenn og jafnræðis og jafnréttis er gætt gagnvart starfsmönnum.

Helstu tækifæri til umbóta koma fram hér að neðan

Umbótapættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Bæta vinnuaðstöðu	Að vel fari um starfsfólk þegar það situr á gólfi með börnunum	Endurnýja jógastóla á Brekku og Lundi	Haust 2019	Leikskólastjóri	Umræður á stjórnendafundi í janúar	Að starfsfólk telji aðbúnað fullnægjandi
	Bæta aðstöðu og skipulag í listagili	Finna leiðir til að hámarka nýtingu á plássinu t.d. með nýjum þurrkgrindum, borði og skápum	Vor 2020	Leikskólastjóri	Umræður á stjórnendafundi í maí	Að starfsfólk telji vinnuaðstöðu hafa batnað
	Að bæta umgengni og auðvelda aðgengi í starfsmanna aðstöðu	Bæta aðstöðu fyrir pollagalla og stígvél starfsmanna	Vetur 2019-20	Leikskólastjóri	Umræður á stjórnendafundi í febrúar 2020	Að starfsfólk telji að aðstaðan sé betri
Að draga úr vinnuálagi	Auðvelda yfirsýn og koma í veg fyrir að börnin ráfi út af deildinni í leyfisleysi	Setja læsingar, í stað króka, á hurðir	Haust	Leikskólastjóri	Umræður á stjórnendafundi nóvember 2019	Að starfsfólk telji auðveldara að hafa yfirsýn
	Að dreifa vinnuálagi og koma í veg fyrir að verkefni hlaðist upp	Búa til skýrt skipulag fyrir umræðuefni stjórnenda- og deildarfunda	Haust 2019	Aðstoðar-leikskólastjóri	Umræður á stjórnendafundi í janúar 2020	Að starfsfólk upplifi jafnara vinnuálag
	Að starfsfólk sé öruggt í starfi og álagi sé haldið í lágmarki.	Tryggja tíma til undirbúnings fyrir svæði bæði á haust og vorönn.	September 2019 og janúar 2020	Stjórnendur	Umræður á stjórnendafundi í febrúar 2020	Að starfsfólk upplifi minna álag á flæðistíma
		Útvega band fyrir gönguferðir.	September 2019	Leikskólastjóri	Umræður á stjórnendafundi í apríl 2020	Að starfsfólk upplifi minni streitu í gönguferðum



## Foreldrakönnun

Helstu styrkleikar leikskólans sem koma fram í foreldrakönnuninni eru þeir að foreldrum finnst aðbúnaður barna sinna vera góður, að börnunum líði vel í leikskólanum og að þau eigi góðan vin í leikskólanum. Helstu tækifæri til umbóta koma fram í umbótaáætlun hér fyrir neðan.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Kynning á starfi leikskólans	Foreldrar fá að sjá tíðari myndir úr daglegu starfi leikskólans. Þá verða þeir meðvitaðri um hverskonar viðfangsefni börnin þeirra hafa í leikskólanum	Virkja heimasíðu leikskólans aftur til myndbirtingar	September 2019 – júní 2021	Stjórnendur	Umræður í foreldraviðtölu m í mars 2020	Að foreldrar telji sig fá reglulegar upplýsingar um starf leikskólans og finnist viðfangsefni barnanna áhugaverð
Fréttabréf til foreldra	Gefa foreldrum skriflegar upplýsingar um stefnu og þjónustu leikskólans	Skrifa auka fréttabréf til foreldra með fræðilegum upplýsingum um starfsemi leikskólans	Vetur 2019-2020	Aðstoðar-leikskólastjóri/ Leikskólastjóri	Umræður á stjórnendafundi des 2019	Að foreldrar hafi fengið þessar upplýsingar
Viðmót	Að foreldrar upplifi allir einstaklega jákvætt viðmót frá starfsfólki	Fræðsla til alls starfsfólks um mikilvægi þess að taka vel á móti öllum börnum og foreldrum og kveðja sérstaklega. Sérstök fræðsla og eftirfylgd með starfsfólki sem opnar/lokar leikskólanum.	September 2019 – júní 2020	Stjórnendur	Umræður í foreldraviðtölu m í október 2019	Að 90% foreldra upplifi einstaklega jákvætt viðmót frá starfsfólki



## 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram á vorönn, flest í janúar. Í samtölunum kom m.a. fram að starfsmönnum líður almennt vel og finnst starfsandinn vera góður. Almenn ánægja var með námskeið Vöndu Sig. og þau verkfæri sem hún færði okkur. Ýmsar ábendingar komu sem stjórnandi ætlar að reyna að verða við, má þar nefna að ýta á að hljóðvistin á Laut og í fataherbergi verði bætt, setja nýja skápa í Listagili, bæta vinnuaðstöðu sérkennslustjóra og endurnýja húsgögn á deildum eins og kostur er en sú vinna er þegar hafin með endurnýjun á skúffuskápum.

### Símenntunaráætlun skólaársins 2019-2020

Námskeið	Lengd	Hverjir sóttu	Hvenær
PMTO	40 klst.	Tveir deildarstjórar	Haust 2019
Leikur að læra í útinámi	8 klst.	Tveir kennarar	Okt. 2019
Numicon	8 klst.		
Leiðtogaskóli	10 klst.	Einn deildarstjóri	Vetur 2019-20
Forystunám	1,5 klst.	Aðstoðar-leikskólastjóri	Vetur 2019-20
Streitustjórnun	2 klst.	Allt starfsfólk	Haust 2019
Umhverfið sem þriðji kennarinn	2,5 klst.	Allt starfsfólk	Vetur 2019-20
Geðrækt	3,5 klst.		Vetur 2019-20
Hópstjórnun	2 klst.		Vetur 2019-20
Tilfinningalegt ójafnvægi A.Þ	2 klst.	Allt starfsfólk	Haust 2019
Orðagull/miðja máls og læsis	2 klst.	Allt starfsfólk	

### Símenntun skólaársins 2018-2019

Námskeið	Lengd	Hverjir sóttu	Hvenær
Forystunám	56 klst.	Leikskólastóri	Vetur 2018-´19
Völunámskeið	8 klst.	Leikskólastj. og aðst.leik.stj.	Sept. 2018
Lubba námskeið	8 klst.	Aðst.leiksk.stj.	Sept. 2018



<b>Starfslokasamtalið</b>	1,5 klst.	Leikskólastj.	Sept. 2018
<b>PMTO</b>	40 klst.	Leikskólastj. og sérkennslustj.	Haust 2018
<b>Innra mat</b>	2,5 klst.	Leikskóla- aðstoðar- og sérkennslustj.	Okt. 2018
<b>Exelnámskeið</b>	3,5 klst.	Leikskólastj.	Okt. 2018
<b>Leiðtogaskólinn</b>	10 klst.	Þrjú deildarstjórar	Vetur 2018-19
<b>Kynning/kennsla á helstu nýjungum í nýju tölvukerfi</b>	1 klst	Allt starfsfólk	Sept. 2018
<b>Heimurinn er hér/fjölml.leikskólast</b>	3 klst.	Allt starfsfólk	Sept. 2018
<b>Einelti: Vanda Sigurðard</b>	2,5 klst.	Allt starfsfólk	Nóv. 2018
<b>Agi: Arndís Þorsteinsd.</b>	1 klst	Allt starfsfólk	Nóv. 2018
<b>Fundur v/persónuv.laga</b>	6,5 klst.	Leikskóla- og aðst.stj	Nóv. og des 2018, maí 2019
<b>Fræðsla og umræður um menntun fyrir alla; Árbæjarsk</b>	3. klst	Leikskóla-og aðst.stj	Nóv 2018
<b>Skráning og þjálfun: GRR</b>	3,5 klst	Sérkennslustj.	Des 2018
<b>Workplace kynning: Þröstur Sig.</b>	45. mín	Allt starfsfólk	Jan 2019
<b>Gera góðan vinnuanda betri: Ásgeir Jónss.</b>	2,0 klst	Allt starfsfólk	Jan 2019
<b>PMTO skýr/óskýr fyrir mæli, að letja óæskilega hegðun (D+E)</b>	45. mín	Allt starfólk	Jan 2019
<b>Education show í London</b>	16. klst	Leikskólastj. og deildarstj.	Jan 2019
<b>Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik</b>	16. klst	Þrjú sérkennarar	Jan
<b>Menntastefna, látum draumana rætast, Borgarleikhúsinu</b>	2. klst.	Leikskólastj	Febr 2019
<b>Leikskólarráðstefna</b>	4. klst.	Allt starfsfólk.	Febr. 2019
<b>Heilsueflandi leikskóli: Arna</b>	1. klst	Allt starfsfólk	Mars 2019
<b>Vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar Ríkisins</b>	15. klst	Sérkennari	Vor 2019
<b>Efni í umhverfi barnsins</b>	3. klst.	Aðstoðarleiksk.stj	Maí 2019
<b>Kennum nýja færni: GRR</b>	5,5 klst	Sérkennslustj. og Sérkennari	Maí 2019
<b>Hlutverk stjórnenda í innleiðingu menntastefnu</b>	3,5 klst.	Leikskólastj.	Maí 2019
<b>Hversdagsfordómar á vinnustað</b>	3,0 klst.	Deildarstjóri	Maí 2019



## 5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leikskólans við Selásskóla verður með svipuðum hætti og verið hefur.

### Samstarf 2019 – 2020 Selásskóli – Heiðarborg – Rauðaborg – Blásalir

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Sept/okt	1.bekkur heimsækir leikskólann	Heiðarborg	Deildarstjórar elstu barna sjá um skipulag heimsóknarinnar.
Í byrjun desember	Elstu börn leikskólans heimsækja bókasafn Selásskóla og fá þar sögustund.	Selásskóli - bókasafn	Bókasafnsvörður Selásskóla skipuleggur heimsóknina
15.nóvember	5.bekkur í Selásskóla les fyrir börnin í Heiðarborg í tilefni af degi íslenskrar tungu.	Heiðarborg	Stjórnendur og umsjónakennarar 5.bekkjar.
1x til 2svar í mánuði	<i>Stígur á milli stiga</i> , elstu börn leikskólans hitta jafnaldra og 1.bekk í heimahögum.	Heimahagar	Kennarar beggja skólastiga
Janúar - mars	Íþróttir og tónlist, elstu börn leikskólans fara í kennslustund hjá 1.bekk.	Selásskóli	Umsjónakennarar 1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar
Desember og apríl	Elstu börn leikskólans heimsækja íþróttahús Selásskóla	Selásskóli - íþróttahús	Kennarar leikskólans sjá um skipulag heimsóknanna
Maí	Farið er yfir niðurstöður úr Hljóm-2 og umsögn með hverju barni sem fer í Selásskóla.	Heiðarborg	Kennarar beggja skólastiga
Maí	Foreldrar fara með elstu börnum leikskólans í vorskóla. Fá þar kynningu á starfssemi skólans og skólabyrjun.	Selásskóli	Umsjónakennarar 1.bekkjar sjá um skipulagningu.
Ágúst-nóvember og júní	Fundur kennara leik- og grunnskóla. Farið yfir áætlun og samstarf skólastigana.	Selásskóli	Kennarar beggja skólastiga

## 6 Foreldrasamvinna

Í foreldraráði eru þrjú fulltrúar foreldra en þeir eru kosnir á foreldrafundi að hausti. Foreldraráð fundar eftir þörfum en að lágmarki tvisvar á ári og þá með leikskólastjóra. Á fundunum er rætt um faglegt starf leikskólans, mönnun hans o.fl. sem snýr að starfinu. Foreldraráð les einnig starfsáætlunina og gefur henni umsögn.

Foreldrafundur er haldinn 3. október. Þar fer fram kynning á vetrarstarfi leikskólans og áhersluþáttum hans. Einnig fer fram aðalfundur foreldrafélags og kosið í stjórn þess.



Hlutverk foreldraráðs og umhverfisnefndar er kynnt og foreldrar hvattir til að gefa kost á sér í það. Að auki eru foreldrafundir með nýjum foreldrum þar sem nánar er farið í stefnu leikskólans o.fl. þeir eru haldnir í aðlögunarviku barnsins.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, í október og mars. Í viðtalinu meta deildarstjórar í samvinnu við foreldra stöðu barnsins og útbúa einstaklingsnámskrá. Viðtölin eru u.þ.b. 15 mínútna löng en fenginn er túlkur fyrir þá foreldra sem þess óska.

Foreldrafélag er virkt í leikskólanum. Miðað er við einn fulltrúa af hverri deild að lágmarki. Foreldrafélagið stendur fyrir og/eða kostar ýmsa viðburði börnunum til ánægju og má þar nefna sveitaferð, leikrit og grillaðar pylsur á sumarhátíðinni, danskennslu, harmonikkuball, páskaeggjaleit og nokkrar aðrar skemmtilegar uppákomur fyrir börnin.

Þegar foreldrar tala ekki íslensku þöntum við túlk, í samráði við foreldra, sem er með okkur í viðtölum. Þá geta foreldrar m.a. frætt okkur um þarfir barnsins og við gefið þeim ýmsar upplýsingar um leikskólastarfið. Foreldrar fylla út eyðublað þar sem spurt er um hvernig samskiptaform henti þeim best. Auglýsingar um viðburði reynum við að hafa bæði á íslensku og ensku en erum sérstaklega dugleg að tala persónulega við alla foreldra til að tryggja að þau séu meðvituð um alla viðburði. Einnig höfum við stundum nýtt okkur brúarsmiði SFS. Á degi móðurmálsins sendum við bæklinga um mikilvægi málörvunar á mismunandi tungumálum. Í foreldraviðtölum hvetjum við foreldra til að tala og lesa fyrir börnin sín á sínu móðurmáli. Eins hvetjum við þá til þess að barnið horfi á íslenskt efni í sjónvarpinu eða á móðurmáli sínu (takmarka þriðja tungumál). Ferðabangsi fer heim með öllum börnum og hefur með sér bók sem hann vill láta lesa fyrir sig. Við höfum lagt áherslu á að leikskólinn kaupi bækur á tungumálum barnanna. Á þennan hátt náum við m.a. að tengja skóla og heimili og hvetja til samveru og lesturs.

Við leggjum okkur fram við að aðstoða foreldra eftir fremsta megni að leita sér þjónustu eða upplýsinga sem viðkoma börnunum og fjölskyldu þeirra s.s. að skrá þau í frístund og/eða skóla, tannlæknþjónustu, sækja um talþjálfun og margt fleira.

#### Samningur um samskipti leikskóla og

#### foreldra af erlendum uppruna:

1. Þegar þú er á túlki, er einhver ákveðinn túlkur sem þú óskir eftir?
2. Notar foreldrar tölvupóst? Óskir þú frekar eftir miða með skilaboðum heim með barninu?
3. Lesa foreldrar íslensku? Ensku? Annað?
4. Eru einhverjir á heimilinu, í fjölskyldunni, vinir, nágrennar eða aðrir foreldrar leikskólans sem geta lesið íslensku og hjálpað til við að lesa skilaboð frá leikskólanum?
5. Eruð þú tilbúin til að styðja aðra foreldra í leikskólanum sem tala sama tungumál og þú og bæta með þeim hætti upplýsingaflæði milli leikskóla og heimilis?
6. Getu foreldrar nýtt heimasíðu leikskólans til að fá upplýsingar um starfið eða myndir af börnunum.

#### Minna á :

Mikilvægi móðurmáls, lesa fyrir börnin og nota bókasafn.  
Upplýsingar á fjölbreyttum tungumálum á heimasíðu (sýna).  
Námskrá og starfsáætlun, benda á mikilvægi þess að fá hjálp til að lesa, starfsmenn leikskólans geta hjálpað.

#### *Samskiptasamningur*





## 7 Skipulagsdagur og leikskóladagatal

Samband íslenskra  
sveitarfélaga

# Leikskóladagatal 2019 - 2020

Nafn skóla:

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	sumarfrí	1 S	1 Þ umhverfisnefndarfundur	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 S	1 M	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M Annar í hvítasunnu	1 M
2 F	sumarfrí	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F Blár dagur *	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 Þ	3 F foreldrafundur kl. 9	3 S	3 Þ	3 F Starfsdagur	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 M umhverfisnefndarfundur	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M Fjúgandi teppi	4 F	4 L
5 M	Fridagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S Pálmásunnudagur	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ	sumarfrí	6 F Starfsdagur	6 S	6 M	6 F	6 M Þrettándinn	6 F Dagur leikskólans Harmonikkuball	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	sumarfrí	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F starfsdagur	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjömannadagurinn	7 Þ
8 F	sumarfrí	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 F	sumarfrí	9 M vetrarstarfið hefst	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F Skírdagur	9 L	9 Þ	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 Þ	10 F Föstudagurinn langi	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M	11 M	11 F Bleikur dagur *	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	opnum klukkan 12.00	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S Páskadagur	12 Þ	12 F sumarhátíð	12 S
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 F Jólabbal	13 M	13 F	13 F Mottudagur *	13 M Annar í páskum	13 M	13 L	13 M
14 M	14 L	14 M	14 F starfsdagur	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 S	15 F	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F menningarmót	15 M	15 M
16 F	16 M slökkvit. og Regnbogah. + grænn dagur	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M Lýðveldisdagurinn	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ starfsdagur	19 F	19 S	19 M	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F gulur dagur	19 S
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F Dagur mannréttinda barna	20 F Rauður dagur	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 F	21 L	21 Þ	21 F Konudagskaffi Dagur móðurmátsins	21 L	21 Þ Barnamenningarhátíð	21 F Uppsýningardagur	21 S	21 Þ
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M Barnamenningarhátíð Síðasti vetrardagur	22 F	22 M	22 M
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F Þorláksmessa	23 F	23 S Konudagur	23 M	23 F Sumardagurinn fyrsti Barnamenningarhátíð	23 L	23 Þ	23 F
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Bóndadagur Bóndadagskaffi	24 M Bolludagur	24 Þ umhverfisnefndarfundur	24 F starfsdagur	24 S	24 M	24 F
25 S	25 M	25 F náttala- og bangsadagur	25 M	25 M	25 M Jóladaur	25 L	25 Þ Sprengidagur umhverfisnefndarfundur	25 M	25 L Barnamenningarhátíð	25 M	25 F	25 L
26 M	26 F Eyrópski tungumáladagurinn	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ umhverfisnefndarfundur	26 F	26 F Annar í jólum	26 S	26 M Óakudagur	26 F	26 S Barnamenningarhátíð	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 L	27 F Íttannvendaríka	27 F	27 M	27 M útskrift elstu barna	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 L	28 Þ umhverfisnefndarfundur	28 F	28 L	28 Þ umhverfisnefndarfundur	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 M	29 F umhverfisnefndarfundur	29 M	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M drullumalladagur	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 M	30 F		30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 L			31 F dagsetningar gætu breyst		31 Þ Gamlársdagur	31 F hvítur dagur		31 Þ		31 S Hvítasunnudagur		31 F

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



## 8 Fylgigögn


### 8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Samkvæmt stefnu leikskólans hafa öll börn jafnan rétt til þátttöku í öllu starfi leikskólans en ávallt skal miðað við þarfir hvers og eins. Leitast skal við að starfið sé fjölbreytt og hvert barn fái viðfangsefni við sitt hæfi. Börn hafa mismunandi getu, þroska og reynslu. Tekið er tillit til þarfa hvers barns þannig að það gat notið sín í hópi annarra barna.

Í leikskólanum er vel fylgst með þroska og líðan barnanna og þeim veittur sá stuðningur sem hvert og eitt þarfnast. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun þegar grunur er um seinkun eða skerðingu á þroska.

Allar sértækar aðgerðir varðandi einstaka barn eru gerðar í samráði við foreldra. Þjónustumiðstöð Árbæjar er til ráðgjafar og handleiðslu, ásamt því að sjá um frumgreiningar og vísa áfram til annarra stofnana. Teymisfundir eru haldnir reglulega fyrir öll börn með sérkennslu, þá sitja foreldrar, sérkennslustjóri, deildarstjóri, sérkennari og ráðgjafar frá Þjónustumiðstöð og víðar, eftir því sem við á. Foreldrar geta óskað eftir ráðleggingum eða aðstoð hvort heldur sem er á teymisfundum eða utan þeirra. Leikskólinn leitast alltaf við að aðstoða foreldra eftir bestu getu, hvort heldur sem er að vísa á rétta staði, finna viðeigandi námskeið eða hvað annað sem þörf er á.

Börn með stuðning á ítarlegri einstaklingsnámskrá en önnur, áherslupættir eru endurskoðaðir eftir þörfum. Sérkennslustjóri og sérkennari, í samvinnu við foreldra, vinna að markmiðum og leiðum í vinnu með barnið samkvæmt þörfum undir handleiðslu sérfræðinga. Einstaklingsnámskráin er uppfærð reglulega af sérkennara sem notar hana við skipulag á vinnu sinni með viðkomandi barni. Markmið með stuðningi er að virkja barnið í leik og starfi og að það nái sem mestum þroskafrámförum. Stuðningstímar fara fram í daglegu starfi deildarinnar, í minni hópum eða einstaklingslega, allt eftir þörfum hvers og eins.



Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	5	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	2	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	4	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Nei	Setja reglulega á dagskrá deildafunda frá september 2019.
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Heilsugæslustöðina í Árbæ, Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma áætlun	Ábyrgð	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Upplýsingaflæði</b>	Að starfsfólk þekki áherslur í einstaklingsnámskrá stuðningsbarna	Að setja á dagsskrá deildafunda a.m.k 1x í mánuði	September 2019 – júní 2020	Sérkennslustj/ deildarstjórar	Maí 2020 umræður á stjórnendafundi	Þegar stjórnendur telja alla starfsmenn meðvitaða um þau markmið sem verið er að vinna með hverju og einu sérkennslubarni



## 8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Öll börn með íslensku sem annað mál eiga að fá sérstakar málörvunarstundir, ýmist einstaklingslega eða í litlum hópum. Við kennslu á íslensku sem annað tungumál leggjum við áherslu á að hafa allt myndrænt, setja orð á allar athafnir og hluti, nota líkamstjáningu og tákn og leggjum okkur fram við að tala hægt og skýrt. Í málörvunarstundum skiptum við börnunum eftir getu, byrjum á nafnorðum og sögnum, síðan lýsingarorð o.s.frv. Úthlutuðu fjármagni var ráðstafað í laun vegna málörvunar þeirra barna sem mest þurftu þess með og kennslugögn. Aðstoðarleikskólastjóri er skráður tengiliður fjölmenningar og sérkennslustjórinn hélt utan um eftirfylgnina.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Málörvunarstundir, sjónrænt dagskipulag, ferðabangsi, málörvun í öllu daglegu starfi
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Málörvunarstundir
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já/Nei	Reynt starfsfólk er meðvitað að nota virka hlustun, endurtekur setningar barnanna og dýpkar þær. Óreynt starfsfólk þarf meiri þjálfun
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Með huglægu mati
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðaforði og málskilningur</li> <li>• Tjáning og frásögn</li> <li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li> <li>• Ritmál</li> <li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li> </ul>	Já	Efi, Hljóm, verkefni elstu barna og huglægt mat.



## Niðurstöður innra mats

Við erum með mikla málörvun í öllu daglegu starfi, notum sjónrænt dagskipulag og erum með vel skipulagðar málörvunarstundir. Einnig erum við með tvær málþroskaskimanir Efi og Hljóm2 þar sem öll börn eru skimuð markvisst. Vegna starfsmannaeklu og þekkingarleysis nýrra og óreyndra starfsmanna var því miður minna um skipulagðar málörvunarstundir en við hefðum viljað síðastliðinn vetur.

Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Að dýpka orðaforða hvers barns	Að auka hæfni allra starfsmanna til að nýta allar stundir dagsins þannig að orðaforði barna aukist	Námskeið á starfsdegi	Haust 2019	Leikskólastjóri	Umræður á stjórnenda-og deildarfundi í febrúar 2020	Að starfsmenn telji að hæfni þeirra hafi aukist í að dýpka orðaforða barnanna og geri það markvisst



F. h. leikskólans .....

Leikskólastjóri

Dagsetning



## Starfsáætlun 2019 – 2020 Heiðarborg

### Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð er ánægt með starfið á leikskóla Heiðarborgar árið 2018-2019. Starfsandi í leikskólanum er góður, viðhorf til barnanna jákvætt og vellíðan barna sjáanleg í leik og starfi. Börnin hafa unnið að verkefnum í vetur sem hafa verið skapandi, hvetjandi til lesturs og skemmtileg viðfangs. Bókaormarnir vöktu kátinu barna og skilaboðaskjóðan sömuleiðis.

Við fögnum því að áfram hafi verið unnið að innleiðingu agastefnunnar. Áhugavert hefði verið að sjá nánari kynningu og tengingu á henni við foreldra svo styðja megi við stefnuna heima við. Áform um reglulegri upplýsingagjöf til foreldra með fréttabréfum og á heimasíðu eru að okkar mati jákvætt og þarft verkefni. Virkjun slíkra samskiptaleiða gæfi færi á að efla samstarf foreldra og leikskóla á ýmsa vegu. Okkur þykir miður að heyra að vinnustundir með “Stig af stigi” og “Lubbi finnur málbein” hafi átt það til að falla niður, en fögnum settri umbótaáætlun um að festa slíkar stundir niður í skipulagi næsta vetrar. Starfsfólk virðist hafa haft gagn af fyrirlestri Vöndu Sigurðardóttur og innleitt áherslur hennar vel í innra starf deildanna. Eins þykir okkur jákvætt að sett verði áhersla á geðrækt á komandi ári og að leikskólinn taki þátt í heilsueflandi leikskóla.

Það staðfestist hér með að foreldraráð hefur lesið starfsáætlun leikskólans Heiðarborgar yfir. Við teljum að starfsáætlunin sé unnið af heillindum og með velferð barnanna að leiðarljós

#### Foreldraráð leikskólans skipa:

Andrea Ída Jónsdóttir  
Erla Álf Svansdóttir  
Halldór Emil Sigtryggsson  
Stefán Páll Páluson



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

### Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:



- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





